

XXIV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga  
29.9. – 1.10. 2010 á Akureyri

Elín R. Líndal

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á LÖGUM SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



# Meginatriði tillagna

- Launanefnd sveitarfélaga lögð niður en hlutverk sambandsins á sviði kjaramála breytist að öðru leyti lítið (2. gr., sbr. 13. gr. gildandi laga)
- Tilefnið notað til að skýra ýmis atriði í lögnum:
  - Reglur um stjórnarkjör og kjörnefnd (9. og 10. gr.)
  - Fjöldi ftr. á landsþing og hverjir eru kjörgengir (5. gr.)
  - Kjörtímabil stjórnar, landsþingsfulltrúa og skoðunarmanna (11. gr.)
- Einnig er lagt til að heiti laganna breytist og verði Samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga



# Kjaramálin

## Hlutverk sambandsins, viðbót við 2. gr.:

- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirsva í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess og hafa frumkvæði að rannsóknum og upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
  - 13. gr. um launanefnd fellur brott.
- Aðrar tillögur um breytt orðalag í 2. gr. fela ekki í sér efnisbreytingar.



# Landspingsfulltrúar, 5. gr.

## Orðalagsbreyting í e-lið 5. gr. og viðbót í 2. mgr.:

- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.
- Fjöldi landspingsfulltrúa hvers einstaks sveitarfélags getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur fjölda aðalfulltrúa í viðkomandi sveitarstjórn.
- Nákvæmari reglur um kosningu varafulltrúa á landsping og kjörgengi varamanna í sveitarstjórnnum, sbr. 5. mgr.
- Regla um viðmiðunardag í íbúafjölda allnokkuð breytt í 3. mgr. til að einfalda framkvæmd.



# Stjórnarkjör, 10. gr.

Tilgangurinn að auka formfestu við stjórnarkjör og að tillögur liggi tímanlega fyrir.

- Tillögur kjörnefndar skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en einum sólarhring áður en kosning fer fram samkvæmt auglýstri dagskrá.(1. mgr. 10. gr.)
- Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögur kjörnefndar
  - skulu þær berast þingforsetum eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en kosning fer fram. (2. mgr.)



# Kjörtímabil stjórnar

- Kjör til setu á landsþingi sambandsins, í stjórn þess eða sem skoðunarmaður þess, gildir þar til landsþing er næst háð eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fellur umboð fráfarandi stjórnar og skoðunarmanna niður að aflokinni kosningu á landsþingi sbr. 9. og 10. gr.
- Umboð til setu á landsþingi (sem aðal- eða varafultrúi), í stjórn sambandsins eða sem skoðunarmaður fellur þó niður veiti sveitarstjórn hlutaðeigandi lausn frá störfum í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

